

ÞÚ

BERÐ ÁBYRGÐINA



SOLAS-REGLA UM VOTTAÐA HEILDARÞYNGD TEKUR GILDI 1. JÚLÍ 2016

Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) hefur innleitt nýja reglu samkvæmt SOLAS-samþykktinni (alþjóðasamningi um öryggi mannlífa á hafinu) þar sem sendendum er gert skylt að láta votta heildarþyngd hvers gáms áður en hann er lestaður um borð í skip. Þessar nýju kröfur taka gildi um allan heim 1. júlí 2016.

Reglunni er ætlað að auka öryggi í siglingum og stuðla að öryggi farms, gáma og allra þeirra sem koma að gámaflutningum í aðfangakeðjunni.

NÝJU KRÖFURNAR ERU:

- Vottuð heildarþyngd er skilyrði fyrir því að gámur er lestaður um borð í skip.

Sé upplýsingum um vottaða heildarþyngd ekki miðlað tímanlega til afgangis/skipsins verður gámurinn ekki lestaður um borð. Sendandinn sem skráður er í farmbréfi er ábyrgur fyrir því að veita Eimskip upplýsingar um vottaða þyngd gámsins.

LEYFILEGAR VIGTUNARADFERÐIR

Sendandi getur valið á milli tveggja aðferða til að votta þyngd gámsins:

ADFERÐ 1:

- Sendandi vigtar, eða lætur þriðja aðila vigta, fullan og innsiglaðan gám.

ADFERÐ 2:

- Sendandi vigtar, eða lætur þriðja aðila vigta, allan farm, bretti, sjóbúnað og festingar sem fara í gáminn. Samanlagðri heildarþyngd innihaldsins er svo bætt við eigin þyngd gáms (tare weight) sem merkt er á gámnum.

Sendandi þarf einnig að veita upplýsingar um vottaða heildarþyngd tímanlega þegar um lausavörusendingar er að ræða. Hverri sendingu þarf að fylgja vottuð heildarþyngd þegar Eimskip hleður förmum í gáma.

Ekki er heimilt að áætla þyngd þess sem fer í gáminn.

Vigtunarbúnaður verður að uppfylla nákvæmniskröfur í viðkomandi landi, hvort sem notast er við aðferð 1 eða 2. Einnig þarf sendandi, eða fulltrúi hans, að skrifa undir og dagsetja yfirlýsingu um vottaða heildarþyngd, hvor aðferðin sem notuð er.

Eimskip hyggst bjóða upp á vigtunarþjónustu, bæði í lausavöru- og heilgámaflutningum, fyrir sendendur sem ekki geta lagt fram vottaða heildarþyngd í tæka tíð. Frekari upplýsingar eru væntanlegar á næstu mánuðum, en tekið skal fram að allur kostnaður við þetta fellur á sendanda.

FREKARI UPPLÝSINGAR

Frekari upplýsingar um ferli, miðlun gagna og fleira þessu tengt eru væntanlegar frá Eimskip.

Ítarlegri almennar upplýsingar má fá á þessari vefsíðu:
<http://www.worldshipping.org/industry-issues/safety/cargo-weight>

Hafðu samband við skrifstofu Eimskips hafir þú einhverjar spurningar